

Fundargerð 37. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 25. ágúst 2017, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Elefsen og Sverrir Guðmundsson

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Púriður H. Aradóttir og Gunnar H. Garðarsson

1. Framkvæmdir við áningarstaði

Tillögur liggja fyrir að framkvæmdum við Gunnuhver og Brú milli heimsálfa. Framkvæmdir við Gunnuhver fara af stað í haust og er þá stefnt að lagfæringu göngustíga, breikkun útsýnispalla og fjölgun bílastæða. Skipta þarf út tréverki í Brú milli heimsálfa auk þess sem tillögur gera ráð fyrir nýjum gönguleiðum, breikkun aðkomuvegar og stækkun bílastæðis. Styrkur að upphæð 1.500.000 kr. fékkst til lagfæringar á Reykjanesvitavegi. Stefnt er að framkvæmdum samhliða framkvæmdum við Gunnuhver.

2. Bifreiðatalningar á Reykjanesi

Árið 2016 voru settir upp umferðarteljarar á tveimur stöðum innan Reykjanes Geopark, þ.e. við Garðskagavita og Reykjanesvitaveg. Í ár var fimm teljurum bætt við, þ.e. við Brimketil, Brú milli heimsálfa, Gunnuhver að austanverðu, Keili og Ósabotnaveg. Lagðar voru fram tölur um umferð á þessum stöðum það sem af er sumri.

3. Lögreglusamþykktir sveitarfélaganna á Suðurnesjum

Framhald umræðu frá 36. fundi stjórnar. Málið verður unnið áfram.

4. Geopark fyrirtæki

Verkefnastjóri sagði frá framgangi verkefnisins „Geopark fyrirtæki“. Fyrirtækjum mun á næstunni standa til boða að skrifa undir samstarfssamninga við Reykjanes Geopark og gerast þannig „Geopark fyrirtæki“.

5. Kynningarmál

Rætt um kynningarmál og markaðsmál. Gunnar H. Garðarsson kynnti árangur í markaðsstarfi á samfélagsmiðlum undanförunum mánuðum.

6. Starfs- og fjárhagsáætlun 2018

Rætt um starfs- og fjárhagsáætlun 2018. Umræðum verður framhaldið á næsta fundi.

7. Aðalfundur 2017

Samþykkt að boða til aðalfundar mánudaginn 25. september kl. 10:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:55.

Fundargerð ritaði: ESJ